

- c. Heimilt er hreppsnefnd að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum og einstaklingum, sem nota mikið vatn. Skal þá greiða kr. 5 fyrir hvert tonn vatns, sem notað er enda séu öll vatnsgjöld þar innifalin nema mælaleiga, sem skal vera kr. 2 000.00 á ári.
- d. Steypustöðvar til húsagerðar eða iðnaður auk framangreindra gjalda samkvæmt b.-lið kr. 60 fyrir hvert tonn sements, sem steypit er úr.

Reglugerðarbreyting þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Egilsstaða-hrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 25. janúar 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

AUGLÝSING

um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 119 28. desember 1950, um stjórn flugmála, og VIII. kafla laga nr. 34 21 maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt flugfélaginu Vængjum hf., Reykjavík, sérleyfi til reglubundins áætlunarflugs með farþega, vörur og póst, á flugleiðinni Reykjavík — Reykjavíkið við Mývatn — Reykjavík, á tímabilinu 9. febrúar 1978 til 31. desember 1982.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á téðri flugleið, en jafnframt skylda til að halda uppi áætlunarferðum eftir því sem flutningaþörf krefur að mati ráðuneytitsins.

Samgönguráðuneytið, 9. febrúar 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

AUGLÝSING

um hækkun á heildsölugjaldskrá Laxárvirkjunar.

Samkvæmt 8. gr. laga um Laxárvirkjun nr. 60 20. maí 1965 hefur ráðuneytið staðfest 5.5% hækkun á gildandi heildsölugjaldskrá Laxárvirkjunar frá og með 1. mars 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1978.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.